



Fundargerð stjórnar HSÍ

Fimmtudagur 4. Apríl 2024



Áttundi fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 4. apríl 2024 kl. 12.00.

Mættir voru Guðmundur B. Ólafsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Umsókn um HM 2029/2031
GBO kynnti stöðu umsóknar um HM 2029/2031. Kynningarfundur verður með stjórn IHF 16. Apríl þar sem ákvörðun verður tekin. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mun fara út með GBO og kynna umsóknina.
 - b. A landslið kvenna
A landslið kvenna sigraði í gær Lúxemborg örugglega í fyrri leik Íslands í undankeppni EM. Seinni leikur Íslands verður nk. sunnudag á Ásvöllum þegar liðið mætir Færeyjum og hefst leikur kl.16.00. Verður það úrslitaleikur um laust sæti á EM.
 - c. Starfsmannamál
Ráðningarferli á íþróttastjóra er að hefjast og verða tekin fyrstu könnunarviðtöl í vikunni.
 - d. Búningamál
Viðræður eru í gangi við búningaframleiðanda og fær RG umboð til að klára samninga.
3. Sjónvarpsmál
RG kynnti stöðu sjónvarpsmála og stöðuna á úrslitakeppninni. Útsendingarplan sem lagt var fram var samþykkt. Þá kynnti RG tilboð frá Spiideo fyrir næsta ár og var samþykkt að fara í aukna fjárfestingu.
4. Ársþing HSÍ
Ársþing HSÍ verður laugardaginn 27. Apríl í Laugardalshöll. Arnar Þorkelsson og Kristján Gaukur Kristjánsson gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þær Guðríður Guðjónsson og Kristín Þórðardóttir hafa lýst yfir framboði sem og Ólafur Örn Haraldsson í embætti formanns dómara nefndar. Manna þarf stöðu gjaldkera og formanns markaðsnefndar (til eins árs) og verður það rætt á formannafundi nk. sunnudag. Engin mál liggja enn fyrir ársþingi en líkur eru á því að tillögur komi fram með mótahald meistaraflokks.
5. Formannafundur
Formannafundur verður sunnudaginn 7.apríl kl.13.30 og helstu málin fyrir fundinum eru ársþing HSÍ og sjónvarpsmál.
6. Breyting á reglugerð
RG lagði fram breytingu á reglugerð um handknattleiksmót sem var samþykkt.
7. Önnur mál



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari